



## Frá skrifstofu

Sveitarstjórn minnir foreldra á að frístundastyrkur barna vegna 2015 rennur út 31. desember.

---

## Kæru sveitungar!

Í tilefni af 45 ára afmæli mínu þann 19. desember, langar mig að bjóða ykkur á tónleika í Svalbarðskirkju kl. 16 þann sama dag, þar sem ég mun syngja og spila með dyggri aðstoð Valmars Völjaots. Mikið væri nú gaman að sjá ykkur þar, aðgangur ókeypis og allir velkomnir!

Petra Björk Pálsdóttir

---

## Næstu rusladagar

17. desember - Almenn torg

24. desember - Endurvinnsla

31. desember - Almenn torg

## Frá Tónlistarskólanum

Innritun nýnema fyrir vorönn 2016 stendur yfir á heimasíðu skólans undir takkanum "Umsókn um nám".

<http://www.svalbardsstrond.is/tonlistarskoli>

Einnig er hægt að senda tölvupóst á [tonlist@svalbardsstrond.is](mailto:tonlist@svalbardsstrond.is).

Fyrsti kennsludagur vorannar 2016 er þriðjudagurinn 5. janúar.

Við óskum öllum Ströndungum gleðilegrar jólahátíðar og farsæls komandi árs með þökk fyrir árið sem nú er að líða.

Sjáumst glöð á nýja árinu.

Með góðum kveðjum úr Tónlistarskólanum

---

## Fjáröflun unglíngadeildar Valsárskóla

Klósettpappír og eldhúsrúllur: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr., 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. og 15 eldhúsrúllur 3.800 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið [jonav@internet.is](mailto:jonav@internet.is).

---

## Kirkjan

20. desember kl. 11.00 Jólasunnudagaskóli í Svalbarðskirkju.

24. desember kl. 16.00 Aftansöngur í Svalbarðskirkju.

Gleðileg jól!

Bestu aðventukveðjur, Bolli

---

## Námskeið í Þjóðbúningasaum

Þjóðbúningar heilla - að sauma sinn eigin þjóðbúning er krefjandi og skemmtileg áskorun!

Heimilisiðnaðarfélag Íslands í samstarfi við Handraðann býður upp á námskeið í þjóðbúningasaumi á Laugarlandi í Eyjafirði. Kennt er laugardag og sunnudag kl. 10-17. Kennari á námskeiðinu er Oddný Kristjánsdóttir klæðskerameistari.

Vor 2016 - 16.-17. janúar, 20.-21. febrúar, 19.-20. mars.

### ÞJÓÐBÚNINGUR

Að sauma upphlut eða peysuföt frá grunni eru fjórar námskeiðshelgar (50 kennslustundir). Námskeiðsgjald 139.000 kr.

Einnig er hægt að taka þátt í hluta námskeiðsins til að mynda til að sauma skyrtu og svuntu eða endurnýja eldri búninga. Námskeiðsgjald fyrir eina helgi er 34.800 kr. (16 kennslustundir).

### FALDBÚNINGUR

Námskeiðið er hluti af Faldbúninganámskeiði en slíkt verkefni tekur að jafnaði að minnsta kosti 3 ár. Velkomið er að bættast í þann hóp.

Félagar í Heimilisiðnaðarfélagi Íslands fá 10% afslátt af námskeiðsgjaldi. Árgjald í félagið er 7.000 kr.

Skráning og upplýsingar hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands: [skoli@heimilisidnadir.is](mailto:skoli@heimilisidnadir.is) / sími 551 5500

---

# Litið um öxl

Þessi frétt birtist í Degi 8. janúar 1991.

## *Svalbarðsströnd:*

### *Versta ástand í rafmagnsmálum í áratugi*

*Ástandið í rafmagnsmálum á Svalbarðsströnd hefur að sögn kunnugra ekki verið verra þar allar götur frá því að rafmagn var lagt í sveitina. Rafmagn á aðallínu komst loks á aðfaranótt mánudagsins eftir þrotlausa vinnu viðgerðarmanna, en í gær voru enn nokkrir bæir án rafmagns. Unnið var að viðgerð og búist við að flestir bæir myndu fá rafmagn undir kvöld.*

*Rafmagn fór af Svalbarðsströnd aðfaranótt sl. fimmtudags, eins og víðar á Norðurlandi. Nokkrir tugir staura kubbuðust í frumeindir sínar og línur slitnuðu í stórum stíl. Engu skipti hvort línurnar væru gamlar eða nýlagðar, þær hrundu niður eins og spilaborg.*

*Rafmagn komst á aðallínu á Svalbarðsströnd aðfaranótt mánudags. Þó var í gær enn rafmagnslaust norðan við Garðsvík og norður undir Grenivík.*

*Dagur hefur spurnir af því að fólk flutti úr húsum sínum á Svalbarðsströnd, endar var hitastig í þeim komið niður undir frostmarkið þar sem verst lét.*

Dagur, 4. tbl. (08.01.1991), bls. 6

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=2693660](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2693660)

Ströndungur  
kemur næst út  
þriðjudaginn  
19. janúar.



Bestu óskir um  
gleðileg jól og  
farsælt komandi ár.